

AUGLÝSING**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum.**

Samkvæmt lögum nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84 16. des. 1943, um breytingar á þeim lögum, og skipulagslög nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið í dag staðfest byggingasamþykktir fyrir eftirgreind sveitarfélög:

1. Eyrarhreppi, Snæfellsnessýslu.
2. Búðahrepp í Suður-Múlasýslu.
3. Mosfellshreppi í Kjósarsýslu.

Byggingasamþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingasamþykkt fyrir skipulagsskylda staði utan Reykjavíkur, sem birt er með auglýsingu nr. 23 14. febrúar 1967 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 281.

6. nóvember 1968.

AUGLÝSING**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggingasamþykktum.**

Samkvæmt lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúða í kaupstöðum og kauptúnum, hefur ráðuneytið staðfest þessa samþykkt fyrir byggingarsamvinnufélög:

73. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Lund, Akureyri. Staðfest 11. október 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 6. nóvember 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 282.

31. október 1968.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954,
um sölu og veitingar áfengis.**

8. gr. orðist svo:

1. gr.

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 40% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt vín á hálfum eða heilum flöskum. Auk þess má veitingahús hækka verðið um allt að 50% frá þessu verði, þegar sala fer fram á minni skömmtum. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að.

Á verðið eins og það hefur verið ákveðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja söluskatt, svo og þjónustugjald, eftir þeim reglum, sem um þessi gjöld gilda. Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Óheimilt skal að nota önnur mælitæki en þau, sem hlotið hafa löggildinguna.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 58 24. apríl 1954, öðlast gildi 8. nóvember 1958.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 55 14. febrúar 1968 um viðauka við reglugerð nr. 118 9. september 1954, um sölu og veitingar áfengis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. október 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarráðs hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968:

1. Bifreiðastöður hafa verið bannaðar í **Skipholti** að sunnan- og vestanverðu frá Háteigsvegi að Nóatúni.
2. Stöðvunarskylda verður á **Háaleitisbraut** við **Kringlumýrarbraut** að vestanverðu.
3. Einstefnuakstri í **Mjóuhlíð** hefur verið snúið við þannig, að einstefna verður til austurs frá **Eskihlíð** að **Engihlíð**.
4. Bifreiðastöðubann hefur verið afnumið í **Þverholti** að austanverðu á milli **Laugavegar** og **Stórhólts**.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 6. nóvember 1968.

Sigurjón Sigurðsson.